



**Samtakahópurinn, fundur haldinn 09.04.2026 kl. 13:30 í
Fjörheimum/ 88 húsinu, Hafnargötu 88**

Mætt: Sigrún Huld Auðunsdóttir, Helga Hafsteinsdóttir, Ragnhildur Birna Hauksdóttir, Þórunn Friðriksdóttir, Davíð Mór Gunnarsson, Ljiridona Osmani, Kristján Freyr Geirsson, Silja María Albertsdóttir og Gunnhildur Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerðina

Fundargerð

Vinnuskóli Reykjanesbæjar

Þórunn Friðriksdóttir, forstöðukona Vinnuskóla Reykjanesbæjar kynnti starfsemi Vinnuskóla Reykjanesbæjar og helstu áherslur fyrir komandi sumar. Fram kom að vinnuskólinn er umfangsmikið úrræði þar sem stór hluti ungmenna í 8.–10. bekk tekur þátt, annað hvort í hefðbundnum störfum eða samstarfsverkefnum við fyrirtæki og stofnanir.

Áhersla hefur verið lögð á að efla leiðtogahlutverk innan starfsmannahóps, bæta verkferla og styrkja samvinnu við foreldra og samstarfsaðila. Ungmennni hafa sýnt aukna ábyrgð og áhuga á fjölbreyttari verkefnum og almennt hefur starfsemin gengið vel.

Jafnframt var fjallað um áskoranir, meðal annars tengdar hegðun og samskiptum, og mikilvægi skýrra verkferla og stuðnings við starfsfólk.

Fyrir sumarið 2026 er stefnt að áframhaldandi þróun verkefnisins, meðal annars með fjölbreyttari verkefnum og auknu samstarfi við viðeigandi deildir/ stofnanir og skólasamfélagið.

Atvinnutengt nám

Gunnhildur Gunnarsdóttir, forstöðukona Tólmstundamiðstöðvar Reykjanesbæjar og Þórunn Friðriksdóttir, forstöðukona Vinnuskóla Reykjanesbæjar kynntu verkefnið Atvinnutengt nám sem hefur verið í mikilli þróun undanfarna mánuði. Atvinnutengt nám er fyrir nemendur í 9. og 10. bekk sem þurfa stuðning í daglegu skólastarfi, hafa af einhverjum sökum fundið fyrir áskorunum í námi og/eða sýnt merki vanlíðunar í skólaumhverfinu og hafa áhuga á að læra í gegnum verkleg verkefni og kynnast atvinnulífinu snemma.



Markmið og gildi:

- Stuðla að bættri líðan nemenda með því að efla jákvæða sjálfsmynd, sjálfstraust og trú á eigin getu.
- Styðja einstaklingsmiðað nám með því að virkja nemendur, nýta styrkleika og áhugasvið þeirra og styðja þá í náms- og starfsvali.
- Skapa tækifæri til þátttöku í atvinnulífi þar sem nemendur fá að kynnst ólíkum störfum og fá raunverulega reynslu úr atvinnulífinu.
- Efla hæfni nemenda í góðum vinnubrögðum, ábyrgri þátttöku í verkefnum og jákvæðum samskiptum.

Framkvæmd:

- Námið fer fram á vinnustöðum sem eru valdir út frá áhugasviði nemenda.
- Stundatafla nemandans er aðlöguð í samræmi við fyrirkomulag atvinnutengds náms. Hámarks fjöldi vinnustunda er 16 klukkustundir á mánuði.
- Reykjanesbær greiðir nemendum laun samkvæmt launatöflu Vinnuskóla Reykjanesbæjar.
- Fyrirtækið veitir leiðsögn, skipuleggur verkefni við hæfi og tilnefnir tengilið sem styður við nemandann.
- Skólinn tilnefnir einnig tengilið og heldur reglulegu sambandi við nemanda, vinnustað og foreldra.
- Mæting, þátttaka og frammistaða er skráð af vinnustaðnum og fylgst er með framvindu verkefnisins.
- Í lok tímabilsins fær nemandi umsögn frá vinnustaðnum.
- Verkefnið byggir á nánu samstarfi milli menntasviðs, grunnskóla Reykjanesbæjar, Vinnuskóla Reykjanesbæjar og þáttökufyrirtækja og er unnið samkvæmt reglugerð um vinnu barna og unglinga.

Hvernig geta nemendur sótt um:

- Nemendur hafa samband við umsjónarkennara sinn ef þeir eða foreldrar telja að atvinnutengt nám gæti hentað.



- Umsjónarkennari fylgir málinu eftir innan skólans, m.a. til náms- og starfsráðgjafa og stjórnenda skólans.
- Rætt um áhugasvið, mögulega vinnustaði og markmið í samstarfi nemanda, foreldra og skóla.

Bæklingur sem gott er að nýta til að kynna Atvinnutengt nám fyrir starfsfólki, foreldrum og nemendum verður sendur með sem viðhengi.

Umræður og önnur mál

- Tekin var umræða um **Atvinnutengt nám** fyrir 16 – 18 ára ungmenni. Hópurinn var sammála um að þetta væri frábært verkefni fyrir ungmenni á þessum aldri sem ekki eru í virkni, þ.e.a.s. vinnu eða framhaldsskóla.
- Gunnhildur Gunnarsdóttir tók umræðu um **flókin hóp ungmenna** sem sækir félagsmiðstöðvarnar reglulega. Það verður farið í kortlagningu á hópnum og horft til samþættingar og samvinnu.
- Vaktir hjá **Flotanum**, flakkandi félagsmiðstöð byrjar aftur í maí. Meðlimir Samtakahópsins eru hvattir til að láta starfsfólk Flotans vita ef þeir verða varir við hópamyndanir sem gott væri fyrir Flotann að vita af.
Rætt var um mikilvægi þess að vera með símanúmer og netfangs Flotans á miðlum Reykjanesbæjar svo fólk geti haft samband.
- Í apríl verður haldin kynning fyrir ungmenni í 8.–10. bekk í Reykjanesbæ sem byggir á áttakinu **Sjúk ást**, unnið af **Stígamótum**. Starfsfólk félagsmiðstöðva heimsækir alla sjö grunnskóla sveitarfélagsins með kynninguna. Fjallað er um heilbrigð samskipti, mörk og einkenni ofbeldis í nánnum samböndum, með það að markmiði að efla vitund og fræðslu meðal ungmenna.

Fundi slitið kl. 15:00

Næstu fundur: þriðjud. 12. maí kl. 13:30 í Fjörheimum/ 88 húsinu